

## Ársfundur 2008

Skýrsla forstöðumanns bókasafns og upplýsingaþjónustu á ársfundi Listaháskóla Íslands 24. nóvember 2008

### - starfsárið 2007 - 2008

Bókasafn og upplýsingaþjónusta Listaháskóla Íslands er sérfræðisafn á sviði þeirra listgreina sem kenndar eru við skólann.

#### Hlutverk:

Hlutverk þess er að veita nemendum, kennurum og starfsfólki skólans, auk annarra sem til skólans leita, aðgang að fjölbreyttu efni upplýsinga um listir og menningu, s.s. fræðibókum, tímaritum, myndefni, leikhandritum, hljómplötum, geisladiskum og nótnabókum. Starfsmenn leiðbeina notendum um notkun safnsins og aðstoða þá við leit að upplýsingum í rafrænum gagnabönkum.

#### Starfsemi og þjónusta

*Afgreiðslutími safnsins á síðasta skólaári var:*

Skipholt – mánudaga til föstudaga kl. 8.30-16.00.

Sölvhólgata – mánudaga til föstudaga kl. 8.00-16.00.

Laugarnes – mánudaga til föstudaga kl. 9.00-16.30.

#### *Starfsmenn:*

Starfsmenn voru 6 samtals í 5.0 stöðugildum.

Forstöðumaður Lísa Z. Valdimarsdóttir (1.0),  
bókasafnsfræðingar:

Berglind Hanna Jónsdóttir (1,0),

Sigrún Sveinsdóttir (0.8), og Jóhanna Margrét  
Diðriksdóttir (0.7).

Bókaverðir voru

Riina Pauliina Finnsdóttir (1.0) og

Bryndís Erla Hjálmarsdóttir.

Að auki var Rós Pétursdóttir (0,8) starfsmaður  
Styrktarsjóðs Halldórs Hansen í umsjón

bókasafns- og upplýsingaþjónustu.

Hún vann við afritun á hljómplötusafni Halldórs Hansen.



#### *Lánþegar:*

Lánþegar safnsins voru fyrst og fremst nemendur, kennarar og starfsfólk skólans.

Aðrir lánþegar voru kennarar og nemendur annarra skóla, sérfræðingar, auk

almennings. Skráðir lánþegar voru samtals 677 er það aukning um 18% frá árinu áður. Mest aukning hefur orðið á almenningi og nemendum annarra háskóla.

Tafla 1. Lánþegar eftir tegund.

| <b>Tegund:</b>  | <b>Fjöldi</b> |
|-----------------|---------------|
| Nemendur        | 400           |
| Kennarar        | 60            |
| Starfsfólk      | 40            |
| Aðrir           | 177           |
| <b>Samtals:</b> | <b>677</b>    |

*Útlán:*

Útlán voru samtals 12.756 í öllum útibúum safnsins skólaárið 2007-2008. Þetta er tæplega 15% aukning frá árinu áður, en útlán voru þá 11.173. Útlán 2007-2008 skiptust niður á útibúin:


Tafla 2. Útlán eftir útibúum skólaárið 2007-2008

| <b>Útibú:</b>   | <b>Fjöldi</b> |
|-----------------|---------------|
| Skipholt        | 3.368         |
| Sölvhólgata     | 4.489         |
| Laugarnes       | 4.899         |
| <b>Samtals:</b> | <b>12.756</b> |

Þessar útlánatölur eru sérstakar í ljósi þess að útlánum á bókasöfnum landsins hefur fækkað síðustu ár. Notendur virðast vera að nota þjónustu bókasafna á annan hátt en í útlánum á bókum.

Safnkostur:

Eintakafjöldi (bækur, nótur, leikhandrit, myndbönd/DVD og geisladiskar) safnsins sem skráður hefur verið í bókasafnskerfið Gegni var við lok skólaársins samtals 36.091. Er það um 22% aukning frá árinu áður, en eintakafjöldi var þá 29.815.



Tafla 3. Eintakafjöldi í útibúum.

| <b>Útibú:</b>   | <b>Fjöldi</b> |
|-----------------|---------------|
| Skipholt        | 10.310        |
| Sölvhólgata     | 17.126        |
| Laugarnes       | 8.655         |
| <b>Samtals:</b> | <b>36.091</b> |

Í nýrri stefnumótun Listaháskóla Íslands 2008-2012 er markmiðið að eintakafjöldi safnsins nái 60.000 árið 2011.

Nýtt efni á safninu var mikið á árinu að venju. Má þar eins og síðastliðin ár nefna ríflega úthlutun úr styrktarsjóði Halldórs Hansens til innkaupa á nótum og tónlistarbókum til tónlistarsafnsins.

Listar yfir nýtt efni voru sendir starfsmönnum, kennurum og nemendum mánaðarlega í tölvupósti og eru þeir vinsælir.

*Tímarit:*

Safnið var áskrifandi að rúmlega 100 tímaritatitlum á prenti skólaárið 2007-2008. Einnig var aðgangur að um 8.500 rafrænum tímaritum í gegnum Landsaðgang á Hvar.is.

*Leikhandrit:*

Vinna við skráningu á leikhandritum safnsins í Gegni hófst vorið 2007. Henni lauk sumarið 2008 og nú eru því öll leikhandrit loksins leitarbær.

*Lokaritgerðir:*

Vorið 2008 var tekin upp sú nýjung að nemendur sem skila lokaritgerð áttu að skila inn einu stafrænu eintaki á geisladiski með prentaða eintakinu. Var þetta gert til að hægt sé að setja ritgerðir inn á vefinn til lestrar þar. Að auki áttu nemendur að fylla út samning með upplýsingum um hversu opna/lokaða þeir vildu hafa ritgerðina á vefnum. Ritgerðirnar verða í framtíðinni settar inn í gagnagrunn lokaritgerða, Skemmuna, í samvinnu við Háskólann á Akureyri og Menntavísindasvið Háskóla Íslands.



*Gjafir:*

Gjafir bárust reglulega þetta skólaár eins og önnur. Tekið er á móti öllum gjöfum með þeim formerkjum að safnið leyfi sér að grisja úr þar sem það telur sig geta nýtt. Oft er um dánarbú að ræða en mest megnis eru þetta bækur og sýningarskrár sem deildarforsetar og kennarar fá í heimsóknnum sínum erlendis auk gjafa frá stofnunum. Stærstu gjafirnar þetta skólaárið komu frá Nýlistasafninu, Íslenskri tónverkamiðstöð, STEFi og Árbæjarsafni.

### Safn Halldórs Hansen:

Safninu var veitt 4. úthlutun úr Styrktarsjóði Halldórs Hansen á yfirstandandi skólaári, en sá styrkur hljóðaði upp á 4 milljónir króna. Keypt hefur verið inn fyrir rúmlega 2 milljónir, en stærstur hluti þess eru nótur nútímatónskálda og tónlistarbækur. Starfsmaður við afritun á hljómplötusafni Halldórs Hansen var við vinnu allan veturinn en reiknað er með að sú vinna klárast vorið 2009..

### Gegnir, gagnasöfn og rafræn tímarit:

Það er stefna bókasafnsins að skrá eins mikið og hægt er í bókasafnskerfi landsmanna Gegni. Unnið var meðvitað allt árið að því og eiga starfsmenn safnsins hrós skilið fyrir þá vinnu. M.a. voru allar upptökur á nemendaverkum leiklistardeildar skráðar í Gegni og Leikritasafn Andrésar Þormars sem hafði legið óskráð í hillum.

Gagnasöfnum í áskrift fjölgaði frá því árið áður, en safnið keypti aðgang að tveimur sérhæfðum gagnasöfnum á sviði lista í gegnum CSA (Cambridge Scientific Abstract), auk þess að gerast áskrifandi að Jstor og IIPA (International Index to Performing Arts). Einnig er safnið aðili að Hvar.is, landsaðgangi að rafrænum tímaritum og gagnasöfnum. Notkun á gagnasöfnum jókst milli ára, sérstaklega með nýju gagnasöfnum Jstor og IIPA.

### Húsnæði og búnaður:

Stærsta breyting vetrarins var flutningur bókasafnsins í Laugarnesi í nýtt rými. Um er að ræða gjörbreytingu á aðstöðu fyrir safnið frá því sem áður var. Safnið færðist úr þröngri og lokaðri stofu inn að miðju hússins við hlið mótuneytis, þar sem það tengist helstu umferðaleiðum innan skólabyggingarinnar. Stórir gluggar opnast til austurs og flæðir dagsbirtan inn um allt rýmið. Framan við safnið er rúmgott seturými, bæði fyrir nemendur, kennara og gesti skólans, og er það kallað "rauða torgið" eftir rauðlitum gólfdukkum sem setur svip sitt á rýmið. Formleg opnun á nýja safninu var 7. September og strax á fyrstu mánuðunum jukust útlán og notkun safnsins um 40%. Breytingar voru einnig gerðar á húsnæði safnsins í Sölvhólsgötu, en bætt var við hillum í miðju safninu og aðrar hillur færðar til.



Allir starfsmenn safnsins fengu nýjar tölvur við vinnustöðvar sínar, auk þess sem nýjar voru keyptar fyrir afgreiðslu allra safnanna. Voru starfsmenn mjög ánægðir með þetta. Þráðlaust net var sett upp á bókasafni í Skipholti vorið 2008 en það hafði ekki verið til staðar.

### Önnur starfsemi:

#### Bókasafnskynningar:

Starfsmenn bókasafnsins héldu nokkrar bókasafnskynningar á skólaárinu. Eins og verið hefur var nýnemakynning að hausti og ítarlegri kynning á bókasafni, safnkosti og þjónustu fyrir 1. árs nemendur allra deilda.

*Markaðssetning:*

Allan veturinn voru starfsmenn meðvitað í auglýsingaátaki innan skólans til að kynna bóksafnið, hlutverk þess og þjónustu betur. Átakið tókst vel og aukning á útlánum jókst, auk þess sem betri nýting var á upplýsingaþjónustu, gagnasöfnum og lessvæðum. Bókamerki fyrir bókasafnið var prentað út í tilefni þessa átaks og var það starfsmaður bókasafnsins Bryndís Erla Hjálmarsdóttir, myndlistarmaður sem hannaði það.

*Vefur bókasafns LHÍ:*

Undirbúningur fyrir uppfærslu vef Listaháskóla Íslands hófst haustið 2007 og stóð hann yfir allan veturinn. Vorið 2008 fór vinnan í gang fyrir alvöru og haustið 2008 var ný uppfærsla og nýtt útlit á vef skólans opnað, þar á meðal var vefur bókasafns. Mikil ánægja var með þessa uppfærslu.

*Ráðstefnur og fundir:*

Forstöðumaður safnsins sat nokkra fundi með öðrum háskólabókavörðum landsins og var síðasti fundur vetrarins haldin á bókasafni Listaháskóla Íslands.

Skráningarsérfræðingar safnsins funduðu nokkrum sinnum með öðru skráningarfólki landsins.

Forstöðumaður sótti enga ráðstefnu erlendis heldur fór mikill hluti vetrar í undirbúning á tveimur ráðstefnum sem haldnar voru hér á Íslandi í júní 2008.

Annars vegar var haldin norræn tónlistarháskólabókavörðu ráðstefna hér í Listaháskóla Íslands dagana 16. – 18. júní og voru það starfsmenn bókasafns skólans sem sáu um undirbúning. Þátttakendur voru tæplega 50 frá norrænum tónlistarháskólum og þótti ráðstefnan takast mjög vel. Fjölbreytt dagskrá var í boði en m.a. var rætt um upplýsingalæsi og notendafræðslu, gagnasöfn og nýjungar. Veðrið lék við gesti alla dagana og framlengdu margir dvöl sína.

Norræn listbókasöfn héldu sína árlegu ARLIS ráðstefnu hér á landi dagana 12. – 14. Júní og var forstöðumaður sem varaformaður fyrir hönd Íslands í stjórn ARLIS í undirbúningshópi ráðstefnunnar. Ráðstefnan tókst vel, en um 60 gestir tóku þátt.

23. nóvember 2008

Lísa Zachrison Valdimarsdóttir,  
forstöðumaður bókasafns og upplýsingaþjónustu LHÍ